

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

Háaleitisbraut 1.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulags- og samgönguráð Reykjavíkur, með vísan til a-liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur umhverfis- og skipulagsráðs án staðfestingar borgarráðs, þann 2. desember 2020, tillögu að breytingu á deiliskipulagi lóðarinnar nr. 1 við Háaleitisbraut. Í breytingunni felst að fjölga bílastæðum ofanjarðar um 8, úr 41 í 49, fækka bílastæðum í kjallara um 8, úr 84 í 76. Bílastæði ofanjarðar sem eru umhverfis núverandi skrifstofuhús Valhallar sem snúa að húsinu að undanskildum sex syðstu stæðunum austan við húsið verða skammtímastæði Valhallar á skrifstofutíma (alls 24 stæði), en stæðin verða samnýtt með öðrum húsum á lóðinni utan hefðbundins skrifstofutíma ásamt því að önnur bílastæði ofanjarðar verða samnýtt skammtímastæði fyrir öll húsin á lóðinni á skrifstofutíma. Að auki eru 5 bílastæði fyrir hreyfihamlaða á lóðinni. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Stuðlaháls 2.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulags- og samgönguráð Reykjavíkur, með vísan til a-liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur umhverfis- og skipulagsráðs án staðfestingar borgarráðs, þann 2. desember 2020, tillögu að breytingu á deiliskipulagi Hálsahverfis vegna lóðarinnar nr. 2 við Stuðlaháls. Í breytingunni felst hækkan á þakhæð fyrirhugaðs geymsluhúsnæðis úr 4 m í að hámarki 5,3 m. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Vogabyggð, svæði 2 (Kuggavogur 26).

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulags- og samgönguráð Reykjavíkur, með vísan til a-liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur umhverfis- og skipulagsráðs án staðfestingar borgarráðs, þann 4. nóvember 2020, tillögu að breytingu á skilmálum deiliskipulags fyrir Vogabyggð, svæði 2, vegna lóðar 2-9-2, Kuggavogur 26. Í breytingunni felst aukning á heildarbyggingarmagni lóðar um 100 m². Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, 7. janúar 2021.

Björn Axelsson.

B-deild – Útgáfud.: 7. janúar 2021